



# FRÉTTABRÉF SSNE

MARS 2022 | TBL. 25

## FJÁRFESTAHÁTÍÐ NORÐANÁTTAR SLÓ Í GEGN



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Unnur Valborg Hilmarsdóttir, framkvæmdastjóri SSNV og Eyþór Björnsson, framkvæmdastjóri SSNE

Fjárfestar, frumkvöðlar og ráðherrar komu saman í liðnum mánuði á fyrstu fjárfestahátíð sinnar tegundar á Norðurlandi. Á hátíðinni, sem hefur fengið verðskuldaða athygli í fjölmiðlum, kynntu 10 teymi verkefni sín sem snerta orkuskipti, hringrásarhagkerfið eða fullnýtingu auðlinda í takt við áherslur Norðanáttar; matur, orka, vatn.

SSNE er aðili að Norðanátt ásamt Eim, SSNV, Nýsköpun í Norðri, Hraðinu og RATA sem sá um þjálfun fjárfestasteymanna fyrir kynningamar á hátíðinni. Samstarfið nær því yfir Norðurland allt og hefur gengið afar vel. Norðanátt var styrkt af Lóu, nýsköpunarsjóði fyrir landsbyggðina.

### Norðanátt og ráðherrar



MYNDIR OG MEIRA

Auk fjárfestakynninga voru haldin nokkur erindi á hátíðinni. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra opnaði hátíðina, Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra fluttu einnig ávörp. Einnig héldu Josh Klein, athafnamaður og frumkvöðull, Þór Sigfússon stofnandi Sjávarklasans og Hólmfríður Sveinsdóttir nýskipaður rektor Háskólans á Hólum erindi.

## AKUREYRI ÁN LISTNÁMS ER EINS OG STEIKHÚS ÁN BÉARNAISE

„Ef að viljinn er fyrir hendi og fjármagnið er til staðar þá er algjörlega hægt að búa til alls konar vísa að háskólanámi sem annað hvort er hægt að vinna í staðarnámi hér eða með fjarnámi og staðarnámi í Reykjavík eða hvoru tveggja. Þetta er útfærsluatriði.“, sagði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra meðal annars á málþingi um listnám á háskólastigi á Akureyri sem fram fór í liðnum mánuði.



Gestr á málþingi

Málþingið var afar fjölsótt. Ásamt ráðherra voru frummælendur þau Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri, Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Listaháskóla Íslands og Anna Richards, gjörningalistakona. Þá var fýsileikakönnun frá RHA kynnt, Vilhjálmur Bergmann Bragason, leikari og vandræðaskáld skemmti gestum með frumsaminni tónlist og sagði hann léttur í bragði að Akureyri án listnáms væri eins og steikhús án Béarnaise, gestum til gleði - myndband af flutning Villa má finna á vefsíðu og Youtube SSNE. Þá fóru einnig fram líflegar pallborðsumræður og skrifaður undir áframhaldandi samstarfssamningur milli háskólans og LHÍ til þriggja ára. Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri flutti lokaerindi og færði ráðherra og rektor Listaháskóla Íslands skemmtilega kveðjugjöf.

Verkefnið er styrkt af [Sóknaráætlun Norðurlands eystra](#) og er [eitt af áhersluverkefnum SSNE](#).

MYNDIR OG MEIRA

ERT ÞÚ AÐ FYLGJA OKKUR? [f](#) [@](#) [v](#)

# STYRKJAUMHVERFIÐ

Atvinnuráðgjafar SSNE veita stuðning og ráðgjöf til frumkvöðla á öllum stigum nýsköpunar. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjarmöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagsjóðum, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Athugið að listinn hér er ekki tæmandi fyrir styrki vorið 2022.

- **Skattfrádráttur rannsókna- og þróunarverkefna (framhaldsumsókn)** / 4. apríl 2022
  - Fyrirtæki sem hafa fengið staðfestingu Rannís á rannsókna- eða þróunarverkefni eiga rétt á frádrætti á tekjuskatti skv. lögum nr. 152/2009.
- **Barnamenningarsjóður** / 4. apríl 2022
  - **Fyrir hverja?** Starfandi listamenn, list- og menningartengdar stofnanir, félagasamtök og aðra þá er sinna menningarstarfi fyrir börn og ungmenni í samræmi við opinbera menningarstefnu.
  - **Til hvers?** Fjármagna og styðja við fjölbreytta starfsemi á sviði barnamenningar með áherslu á sköpun, listir og virka þátttöku barna í menningarlífi.
- **Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna** / 7. apríl 2022
  - **Fyrir hverja?** Sjálfstætt starfandi fræðimenn
  - **Til hvers?** Til að vinn að ritun fræðiritra og -greina, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku í ýmsu formi.
- **Matvælasjóður** / 19. apríl 2022
  - **Fyrir hverja?** Þá sem eru í þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu íslenskra matvæla og hliðarafurða þeirra úr landbúnaðar- og sjávarafurðum á landsvísi.
  - **Til hvers?** Ná til verkefna á öllum stigum, allt frá hugmyndum til markaðssetningar og hagnýtra rannsókna.
- **Þróunarverkefni búgreina** / 22. apríl (auglýst 8. apríl)
- **Tónlistarsjóður** / 2. maí 2022
  - **Fyrir hverja?** Tónlistarfólk, hljómsveitir, kóra og aðra er koma að tónlistarfutningi.
  - **Til hvers?** Efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslensku tónlistarfólki
- **Heimsmarkmiðasjóður Sameinuðu þjónanna um sjálfbæra þróun** / 3. maí 2022
  - **Fyrir hverja?** Fyrirtæki sem eru opinberlega skráð sem slík og eru ekki ríkisaðilar
  - **Til hvers?** Styðja við eflingu atvinnu- og viðskiptalífs í þróunarlöndum.

[Viðburðadagatal SSNE](#)

[Bóka viðtal hjá ráðgjafa](#)

## FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SÆKJA UM STYRK?

Markmiðið er annars vegar að fjölga umsóknum af svæðinu og hins vegar að hækka árangurshlutfall umsókna af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu "Nýsköpun á Norðurlandi" sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. Einfalt og fljótlegt er að sækja um slíka aðstoð og er tekið við umsóknum allan ársins hring.

Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem og erlendis. Þá býður SSNE upp á frjá rúðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og bjóðum upp á fjárhagsaðstoð til að niðurgreiða kostnað við sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum.

 SÖKNARÆTLUN  
NORÐURLANDS EYSTRÁ

[SJÁ NÁNAR](#)



## FJÖLBREYTT VERKEFNI STYRKT Í GRÍMSEY

Frumkvæðissjóður Brothættra byggða í byggðapróunarverkefninu Glæðum Grímsey úthlutaði nýlega rúmlega 16 milljónum króna til tólf verkefna sem sóttu um stuðning til sjóðsins. Að þessu sinni var um að ræða tvöfalda fjárhæð til úthlutunar, þ.e. fyrir úthlutunarárin 2021 og 2022. Heildarkostnaður við verkefni er um 55.5 milljónir króna, en sótt var um styrki að upphæð alls 23.3 m.kr. Þetta er síðasta úthlutun úr sjóðnum í verkefninu GLG, en verkefninu lýkur í lok árs 2022.

Fjöldi og metnaður umsókna sem bárust í Frumkvæðissjóðinn endurspeglar áhuga fyrirtækja, stofnana og einstaklinga á að þróa og efla atvinnulíf og samfélag í Grímsey.

Hér er hægt að sækja bæklinginn þar sem nánari útlitun er að finna á þeim verkefnum sem hlutu styrk.

FRUMKVÆÐISSJÓÐUR  
GLÆÐUM  
GRÍMSEY  
2021 - 2022



## HEIMSKAUTSNEMAR Á FERÐ UM AUSTURSVÆÐIÐ

Á dögnum komu nemendur í Polar Biology frá DIS Nonprofit Study Abroad Foundation í heimsókn til Raufarhafnar og á Kópasker. Nemendurnir eru flestir skiptinemar frá Bandaríkjunum og var heimsóknin hluti af námi þeirra. Skólinn er að stærstum hluta staðsettur í Danmörku og eru vettvangsheimsóknir oftast til Grænlands og Finnlands, þetta var fyrsta af vonandi mörgum heimsóknum til Íslands.

Pedro Rodrigues hjá rannsóknarmiðstöðinni Ríf með hélt utan um hópinn á svæðinu. Rannsóknastöðin Ríf var stofnuð árið 2014. Rannsóknastöðin og aðstaðan sem hún býður upp á er liður í að efla rannsóknir og vöktun á norðurslóðum. Stöðin er aðili að INTERACT, sem er öflugt samstarf rannsóknastöðva á norðurslóðum, og að henni standa sex íslenskar rannsóknastofnanir auk sveitarfélagsins Norðurþings. Að loknum skoðunarferðum var boðið uppá kaffi og veitingar í félagsheimilinu Hnitbjörg þar sem nemendurnir fegu kynningu á starfsemi Rífs, SSNE og Heimskautsgerðisins.



Nanna Steina, verkefnastjóri SSNE



Nemar hlusta á kynningu Pedro Rodrigues

## FORSETAHJÓN HEIMSÓTTU LANGANESBYGGÐ



Forseti og forsetafrú fóru í opinbera heimsókn í Langanesbyggð sem lauk með íbúafundi á Bakkafirði þar sem þau fengu kynningu á verkefninu Betri Bakkafjörður. Þá komu þau við í Skeggjastaðakirkju, sem er elsta timburkirkja á Austurlandi byggð 1845, og hjá Djúpalæk, þar sem Bakkfirðingar hafa reist minnisvarða til heiðurs Kristjáni Einarssyni skáldi frá Djúpalæk.

Bakkfirðingar tóku vel á móti forsetahjónunum með trakteringum og færðu fjölskyldunni á Bessastöðum bók að gjöf um litlu músina hana Pílu Pínu, til minningar um Kristján frá Djúpalæk og framlag hans í þágu barnamenningar á Íslandi. Mikíð var skrafað, bæði um áskoranir í hinum dreifbýlli landshlutum, en ekki síður um tækifærin, s.s. þau sem felast í menningartengdri ferðabjónusta og margt fleira.

Frú Eliza Reid, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og Gunnar Már Gunnarsson, verkefnastjóri Betri Bakkafjarðar

[SJÁ NÁNAR](#)

## NORÐURSLÓÐAFUNDUR

Ný stefna Íslands í málefnum norðurslóða var samþykkt með þingsályktun á Alþingi 19. maí 2021. Af því tilefni efndi utanríkisráðuneytið til opins fundar með hagsmunaaðilum sem er mikilvægur liður í að efla innlent samráð og samstarf um málefni norðurslóða og tækifæri fyrir sérfræðinga og hagsmunaaðila til að hafa áhrif á framtíð Íslands á norðurslóðum. Utanríkisráðuneytið hefur samið við Norðurslóðanet Íslands um að annast verkefnisstjórnun varðandi gerð framkvæmdaáætlunar um framkvæmd norðurslóðastefnu.

Í framhaldi af fundinum gafst áhugasömum kostur á að taka þátt í starfi þemahópa sem munu fjalla um afmarkaða liði stefnunnar og skila tillögum til utanríkisráðuneytis Íslands. Rögnvaldur, Gunnar Már og Smári, verkefnastjórar hjá SSNE munu taka þátt í verkefninu.



Rögnvaldur, Gunnar og Smári mættu fyrir hönd SSNE

## GLATT Á HJALLA Í FJALLA- OG DALVÍKURBYGGÐ

Vel var mætt og glatt á hjalla í Fjalla- og Dalvíkurbyggð dagana 22. – 25. mars en þær Anna Lind og Hildur verkefnastjórar á sviði atvinnuþróunar, menningar og nýsköpunar hjá SSNE stóðu bæði fyrir opnum kynningarfundum á starfsemi samtakanna sem og heimsóttu um 20 fyrirtæki, stofnanir og sprota.

Kynningarfundirnir voru haldnir í Menningarhúsinu Bergi á Dalvík og Ráðhúsinu á Siglufirði. Þar voru hugmyndir viðraðar, farið yfir hvað er á döfinni og tengsl mynduð yfir góðri súpu og kaffi. Líkt og öllum ætíð að vera ljóst býr mikill metnaður og kraftur í fólkinu á Tröllaskaga. Við minnum á að Anna Lind verkefnastjóri er allajafna með viðveru á Siglufirði á mánudögum, á Dalvík á þriðjudögum og á Ólafsfirði miðviku- til föstudaga.



Hér eru nokkrar svipmyndir frá ferð Hildar og Önnu



## SÚPUFUNDUR MEÐ FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR Í DALVÍKURBYGGÐ



Dalvíkurbyggð í samvinnu við SSNE buðu ferðaþjónustuaðilum í kaffisþjall í Menningarhúsinu Bergi þann 8. mars síðastliðinn. Margir ferðaþjónustuaðilar á svæðinu mættu á fundinn. Á fundinum var rætt m.a. möguleg móttaka skemmtiferðaskipa í Dalvíkurhöfn, hvernig gengið hefur hjá ferðaþjónustuaðilum í heimsfaraldrinum, bókunarstaða sumarsins var rædd og önnur málefni sem brann á gestum. Ákveðið var að hittast á hverjum ársfjórðungi og verður auglýst með góðum fyrirvara hvenær næsti fundur verður haldinn

## ORKUFUNDUR Á HÚSAVÍK



Samtök atvinnurekenda á Norðausturlandi (SANA), Fjárfestingarfélag Þingeyinga hf. og SSNE stóðu fyrir orkufundi á Gamla Bauk á Húsavík þriðjudaginn 29. mars sl. Þar sem fulltrúar frá Landsneti, Landsvirkjun, Rarik og Eflu fóru m.a. með erindi. Fundurinn var einnig sýndur í streymi og hægt að [horfa á hann á Youtube rás SSNE.](#)



## AKUREYRARAKADEMÍAN HEIMSÓTT



Kolfína María Nielsdóttir hjá SSNE, Aðalheiður Steingrimsdóttir framkvæmdastj. AKAK og Elva Gunnlaugsdóttir hjá SSNE.

Í mánuðinum fórum við í skemmtilega heimsókn AkureyrarAkademíuna þar sem við fengum góða kynningu á starfsemi hennar. Einstaklingum stendur til boða að leigja sér þar vinnuáðstöðu og taka þátt í lifandi og þverfaglegu fræðasamfélagi. 12 vinnuáðstöður eru í húsnæðinu, þar af sex laus. Við hvetjum áhugasama að kynna sér málin!

[SÍJÁ NÁÐAR](#)



SMELLTU Á MERKI OG FYLGDU OKKUR Á INSTAGRAM

## Ágrip frá framkvæmdastjóra



Í upphafi mánaðar var haldinn þemafundur þingmanna Norðausturkjördæmis og Landshlutasamtakanna SSNE og SSA. Á fundinn komu fulltrúar heilbrigðisstofnana í kjördæminu og fóru yfir þau mál sem á þeim brenna með þingmönnum. Það er ánægjulegt að þessir fundir eru komnir á dagskrá og umræðuefnin eru óþrjótandi. Það er hagaðilum mikils virði að geta átt beint samtal við þingmennina okkar og ekki síður er það mikils virði fyrir þingmennina að eiga slíkt samtal við forsvarsfólk þessara mikilvægu innviða okkar og landshlutasamtökin. Næsti þemafundur er áætlaður 5. apríl þar sem orkumálin verða til umræðu.

Það voru ákveðin tímamót þegar loksins var haldinn staðarfundur stjórnar SSNE en 36. fundur var haldinn í Grýtubakkahreppi 9. mars. Það var fyrsti staðarfundur stjórnar síðan 12. feb 2020 og ekki þarf að tíunda það hvers vegna stjórnarfundir voru allir í fjárfundi í tvö ár. Viðmið er að halda fjóra staðarfundir stjórnar á hverju ári en að öðru leiti eru það fjárfundir. Það var virkilega ánægjulegt að ná loksins saman í raunheimum og eiga góðan fund augliti til auglitis. Sveitarstjóri Grýtubakkahrepps sýndi okkur sundlaugina þeirra og sagði frá þeim framkvæmdum sem þar hafa verið undanfarin ár. Einnig fengum við að skoða staðsetningu fyrir hótélbyggingu í Þengilhöfðanum en jarðframkvæmdum miðar vel. Þarna er hafið gríðarlega metnaðarfullt verkefni og það verður spennandi að sjá byggingarnar rísa og taka á sig mynd. Að lokum fórum við heimsókn í Pharmarctica og fengum kynningu á starfsemi þess glæsilega fyrirtækis.

Og meira um fundi í raunheimum. Ársþing SSNE verður haldið á Fosshótel Húsavík 8. og 9. apríl næstkomandi. Það verður fyrsta þing SSNE í raunheimum en hingað til hafa öll þing okkar verið rafræn vegna samgöngutakmarkana. Rétt er að minna á það að fjölmargir aðilar hafa tillögur og málfrelsi á þingum SSNE og allir sem eiga lögheimili á starfssvæði samtakanna eiga rétt til setu á þingum. Við hvetjum alla áhugasama til þess að mæta á þingið og fá innsýn inn í starfsemina okkar. Hægt er að skrá sig á heimasíðu SSNE og nánari upplýsingar má finna hér: [Ársþing SSNE 2022 - Skráning hafin | SSNE.is](#)

Ein af þeim áherslum sem ég hef sett fyrir yfirstandandi ár er að byggja upp öflugri tengsl við aðila í atvinnulífinu í landshlutanum. Einn mikilvægur liður í því var fundur um orkumál sem haldinn var á Gamla bauk á Húsavík í mars. Fundurinn var samstarfsverkefni SSNE, Samtaka atvinnurekenda á Norðausturlandi (SANA) og Fjárfestingarfélags Þingeyinga. Á fundinn mættu fulltrúar frá Rakrík, Landsvirkun og Landsneti til að fara yfir stöðu þessara mála, tækifæri og áskoranir. Þess má geta að SSNE stóð fyrir sambærilegum fundi með Samtökum atvinnurekenda á Akureyri (SATA) fyrr í vetur.

Öflun upplýsinga fyrir samgöngu- og innviðastefnu er í fullum gangi og miðar vel. Að mörgu er að hyggja og búið er að funda með fulltrúum allra helstu innviða í landshlutanum. Það verkefni er leitt áfram af ráðgjafafyrirtækinu Ráðrík og RHA og það er mikils virði fyrir okkur að njóta krafta þeirra við vinnu þessarar mikilvægu stefnu okkar.

Það er greinilegt að frelsi er fengið eftir takmarkanir síðustu tveggja ára og þessar vikur eru mjög lítaðar af miklum fundarhöldum, ráðstefnum og málþingum. Þegar svo mikið er umleikis er það áskorun á ekki stærri vinnustað að komast yfir dagleg störf, sækja alla viðburði sem okkur er ætlað að sækja samhliða því að undirbúa og halda alla þá viðburði sem SSNE hefur staðið fyrir og komið að. En við búum vel því starfsfólki hérna hefur bara brett upp ermar og hlaupið hraðar til að ná þessu öllu.

Fjárfestahátíð á Siglufirði var góður endapunktur á þessum annasama og skemmtilega mánuði. Það var ánægjulegt að fá tækifæri til að taka þátt í þeim viðburði en undirbúningur og framkvæmd var í höndum nýsköpunarteymisins Norðanáttar eins og lesa má um í fréttabréfinu. Miðað við viðtökur og áhuga á hátíðinni þá má ganga út frá því að hún verði endurtekin og fullt tilefni til þess að skoða það að auka umfang hennar í næstu lotu.

Ég hlakka til að sjá ykkur sem flest á ársþingi SSNE á Húsavík 8. og 9. apríl.

Með kærri kveðju  
Eyþór Björnsson

**FÖSTUDAGUR 8. APRIL**  
11:00 MÆTING OG SKRÁNING  
11:30 Léttur hádegisverður

Nauðsynlegt er að skrá sig á þingið  
Nánari upplýsingar á [www.ssne.is](#)

### Dagskrá:

#### 12:30 Þingsetning. Hilda Jana Gísladóttir, formaður SSNE

Kosning fundarstjóra, ritara og nefnda  
Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár  
Skýrsla framkvæmdastjóra  
Ársreikningur og skýrsla endurskoðanda  
Fjárhagsáætlun 2022 og 2023

#### 13:10 Tillögur og ályktanir frá stjórn og þingfulltrúum

Kosning endurskoðanda

Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur málefni sem eru löglega upp borin.

#### 13:50 Að búa í kynjaveröld - Katrín Björg Rikharðsdóttir

#### 14:10 Kaffihlé

#### 14:30 Samgöngu- og innviðastefna Norðurlands eystra

#### 15:30 Norðanátt og fjárfestahátíð - Anna Lind Björnsdóttir og Stefán Pétur Sólveigarson

#### 16:00 Ávörp gesta

Ingibjörg Ísakson, 1. þingmaður Norðausturkjördæmis  
Ávarp fulltrúa Innviðaráðuneytis  
Ávarp fulltrúa Sambands Íslenskra sveitarfélaga

#### 17:00 Þinghlé

18:00 Skoðunarferð/heimsókn í vegum Norðþingis

19:00 Kvöldverður á Fosshótel Húsavík

### LAUGARDAGUR 9. APRIL

09:00 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra - Alfreð Schiath

09:30 Áherslur SSNE í umhverfismálum - Smári Jónas Lüðviksson

09:35 Áherslur Orkusjóðs 2022 - Ragnar Ásmundsson

10:00 Hagkvæmnimat líforkvers - Guðmundur H. Sigurðarson

10:30 Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi - Stefán Gíslason

11:00 Landnotkun, gróðurhúsalofttegundir og loftlagsbókhaldið - Jóhann Þórsson

11:30 Önnur mál

12:00 Þingi slitið

FYLGDU OKKUR -



Vinsamlegast nýtið ykkur síma eða tölvupóst til að skipuleggja fundi. [Tenglaupplýsingar má finna hér.](#)  
[Upplýsingar um starfsstöðvar og viðverutíma starfsmanna má finna hér](#)